

Fundargerð oddvita vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum haldinn í Þingborg 23. nóvember 2017 kl. 9.00

Fundarmenn Gunnar Þorgeirsson, Helgi Kjartansson, Árni Eiríksson, Halldóra Hjörleifsdóttir og Björgvin Skafti Bjarnason. Einnig sátu frá UTU Pétur Ingi Haraldsson og Börkur Brynjarsson.

Á fundinn mættu Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og forstöðumaður áhaldahúss Hrunamanna og fóru yfir rekstur, verkefni og mögulega fjárfestingu vegna Seyrustaða á Flúðum og hirðingu á seyru í sveitarfélögunum. Samningar um losun seyru í sveitarfélögunum eru lausir og taka þarf ákvörðun um útboð eða kaup á búnaði til seyrulosunar.

Rekstur Seyrustaða er undir áætlun ársins 2017 og hefur verkefnið almennt gengið vel. Helstu vandamál hafa verið tuskur og aðskotahlutir sem fylgja með og valda mikilli vinnu móttöku seyru og skemmda á kalkaranum. Hreinsunaraðilar á seyru hafa ekki verið í seyrulosun jafnt og þétt á tímabilinu heldur aðallega losað seyru í haust og byrjun vetrar sem er mjög bagalegt. Fjárfesting ársins 2017 er um 15. millj. og er heildarfjárfesting sveitarfélagana vegna Seyrustaða frá upphafi verkefnisins orðinn um 70. millj.

Rætt um móttöku á seyru frá öðrum sveitarfélögum og stórum aðilum í atvinnurekstri og fyrirkomulag á greiðslu þeirra aðila skv. móttökugjaldskrá Seyrustaða nauðsynlegt að skýra fyrirkomulagið í endurnýjuðum samningi.

Rætt um mögulega kostnaðarskiptingu ef Ásahreppur mun koma inn í verkefnið en skv. skiptiformúlu yrði hlutur sveitarfélagsins 2% af verkefninu.

Farið yfir möguleg kaup á bíl og búnaði til að losa rotþrær í sveitarfélögunum þannig að sveitarfélögin taki sjálf til sín þá þjónustu. Lagðar fram kostnaðar- og fjárfestingaráætlanir vegna reksturs á einni slíkri bifreið og fjárfestingaráætlun vegna kaupa á einni stórri og einni lítilli bifreið. Áætlaður kostnaður við rekstur er 18,2 millj. en fyrirkomulagið yrði þannig að kaup á bifreið, starfsmannahald og rekstur yrði á vegum Hrunamannahrepps sem síðan myndi innheimta hjá sveitarfélögunum kostnað við fjárfestingu og rekstur. Heildarfjárfesting er áætluð um 61,5 millj. en ef aðeins einn nýr stór bíll yrði keyptur þá næmi fjárfestingin um 49 millj. Áætlaður afgreiðslufrestur á búnaði er 3 til 4 mánuðir.

Þá var rætt um hvert sveitarfélögin stefna með verkefnið en ljóst er að reynsla af því verið góð og vakið verðskuldaða athygli m.a. vegna umhverfisáhrifa. Sá möguleiki að sveitarfélögin taki til sínu hreinsun á seyru virðist leiða til sparnaðar og betri nærþjónustu. Síðan liggur fyrir að það þyrfti að byggja hús yfir starfsseminu á Seyrustöðum sem fyrst, bæði til að auka möguleika á rekstri yfir vetrartímamann og til að geta geymt áhöld og tæki við góðar aðstæður. Áætlaður kostnaður við slíka framkvæmd gæti verið um 50. millj.

Stjórn samþykkir að leggja til við aðildarsveitarfélögin að kaupa eina bifreið og búnað til seyrulosunar og nemur fjárfestingin um 49 millj. sem mun falla til á árinu 2018. Gert er ráð fyrir að skipting kostnaðar verði í sömu hlutföllum og almennt um fjárfestingu á Seyrustöðum og hvert sveitarfélag mun fjármagna sinn hlut. Þá er rekstaráætlun einnig samþykkt vegna reksturs á bifreiðinni. Málinu er vísað til afgreiðslu í sveitarstjórnnum og eftir atvikum fjárhagsáætlunargerðar þeirra. Sveitarstjóra Hrunamannahrepps er falið að senda uppfærða fjárhagsáætlun til aðildarsveitarfélaga með tilliti til kaupa og reksturs á einum bíl.

Samþykkt að endurskoða samninginn um rekstur verkefnisins þar sem tekið verði tillit til reksturs seyrulosunar og förgunar ásamt því að bjóða Ásahreppi aðild að verkefninu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.00

